

Námsmat í Hulduheimum



Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er meginmarkmið með mati á námi barna að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og foreldra á þroska, námi og líðan barna. Upplýsingarnar sem fást úr námsmati eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Matið að vera einstaklingsmiðað og sýna fram á hvernig barnið sýnir getu, þekkingu og hæfni. Við námsmat er jafnframt mikilvægt að skilja að börn eru ólík og þroskast á ólíkum hraða og að þau búa oft við ólíka menningu og fjölskyldugerðir. Kennarar þurfa að hafa trú á getu þeirra og tilhneigingu þeirra til að læra sem og að skapa þeim fjölbreytt námstækifæri.

Í námsmati er lögð áhersla á að fylgjast með alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasviði, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkrafti, tjáningu og samskiptum. Einnig eru námssvið leikskóla höfð til hliðsjónar en þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Leikur er meginnámsleið barna og þungamiðja leikskólastarfsins. Því fer námsmat eðlilega oft fram með þeim hætti að fylgjast með leik barnanna og skrá niður hvað þau eru að upplifa og tjá í leiknum. Skráningar geta verið m.a. í formi myndbanda, ljósmynda, ritaðra upplýsinga og merkinga í gátlista.

Starfsfólk Hulduheima fer ýmsar leiðir til að afla upplýsinga um þroska og nám barnanna. Þar er bæði um formlegt og óformlegt mat að ræða. Óformlega matið fer oft fram í umræðum starfsmanna á deildarfundum, samræðum við foreldra í foreldraviðtölum og í umræðum í samverustund með börnunum.

Hér eru tilgreindar þær formlegu leiðir sem farnar eru við námsmat, hvað er metið, hvernig og hver metur.

Hvað er metið	Hvernig	Hver metur
Málþroski,tjáning og samskipti.	Orðaskil (3 ára) , TRAS (2-5 ára) HLJÓM-2 (elstu), AEPS (ef þarf) Art (elstu).	Foreldrar(Orðaskil og Art), starfsfólk með réttindi.
Hreyfiproski	Heimatilbúnir matslistar (allir) AEPS (ef þarf) Íslenski þroskalistinn (3-6 ára),ef þarf. Íslenski smábarnalistinn(15- 38.mán),ef þarf.	Kennarar á deildum. Starfsfólk með réttindi. Móðir svarar Íslenska þroskalanum og Smábarna- listanum
Félagsfærni og samkennd.	TRAS, atferlisathuganir, skráningar í könnunarleik. Matslistar Art (elstu) AEPS (ef þarf)	Mat eftir Art: foreldrar-börn. Kennarar á deildum. Starfsfólk með réttindi.
Sjálfstæði	Matslistar í könnunaraðferð, atferlisathuganir, skráningar í könnunarleik, Íslenski þroskalistinn (ef þarf) Íslenski smábarnalistinn (ef þarf) AEPS(ef þarf)	Börn, kennarar á deildum. Móðir svarar Íslenska þroskalanum og Smábarna- listanum. Starfsfólk með réttindi.
Áhugasvið og líðan	Könnunaraðferð, broskarlamat, atferlisathuganir, ferilmappa, foreldraviðtöl.	Börn, kennarar á deildum, foreldrar.
Þátttaka í leik úti og inni	Skráningar í könnunarleik og könnunaraðferð,ferilmappa.	Kennarar á deildum.
Frumkvæði og sköpunarkraftur	Matslistar í könnunaraðferð, atferlisathuganir, ferilmappa, skráningar í könnunarleik.	Börn, kennarar á deildum.